

# Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

23. febrúar 2022

Fundur hófst kl 15:07 og fór fram á TEAMS.

Mætt: Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir, Arnór Benónýsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Bylgja Steingrímsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Ásgeir Böðvarsson

## 1. Rekstraráætlun 2022

Jón Helgi fer yfir rekstur DA. Fjárhagsstaðan betri en stundum hefur verið. Ástæðan eru fleiri hjúkrunarrými sem fengist hafa auk sérstakrar aukagreiðslu vegna Covid-19 faraldursins. Auk þess hefur verið sýnt sérstaklega mikið aðhald í rekstrinum eftir erfitt ár 2020. Einnig má nefna betri nýtingu á Stóru-Mörk.

## 2. Útreikningur á kostnaði við þjónustu HSN við Hvamm

Jón Helgi fór yfir helstu kostnaðarliði, það er að segja hjúkrunar-, stjórnunar- og lækniþjónstu DA frá HSN sem og mötuneyti.

Stjórn samþykkir útreikninga Jóns Helga með fyrirvara um jákvæða skoðun endurskoðanda.

Jón Helgi kynnti líka útboð á ræstingu HSN og DA.

## 3. Viðhald ársins 2022

Jón Helgi fór yfir helstu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og hvað hefur verið gert nýlega.

## 4. Covid staðan

Áslaug fór yfir smitstöðu starfsmanna. Umframnýting er á rýmum í Hvammi núna vegna Covid-19 sjúklinga sem komu frá Landsspítalanum.

Stjórn vill koma á framfæri kærum þökkum til starfsfólks fyrir frábært starf á fordæmalausum og erfiðum tímum síðustu misserin.

## 5. Framvinda nýs hjúkrunarheimilis

Helena fór yfir stöðu verkefnisins. Tímarammi verkefnisins er óbreytt þó verkefnið hafi aðeins hliðrast. Kostnaður við jarðvegsvinnu var minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bygging heimilisins verður boðin út í mars.

Fundi slitið klukkan 15:59